



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. maí 2008

Efni: Umsögn Og fjarskipta ehf. við frumvörp til breytinga á lögum um fjarskipti og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun

Vísað er til bréfs dags. 29. apríl sl., þar sem samgöngunefnd Alþingis óskar eftir umsögn Og fjarskipta ehf. (Vodafone) um hjálögð frumvörp annars vegar til breytinga á lögum nr. 81/2003 um fjarskipti og hins vegar til breytinga á lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun:

Hér á eftir verður gert grein fyrir athugasemdum Vodafone við framangreind frumvörp:

Frumvarp til breytinga á lögum nr. 81/2003 um fjarskipti

1. Vodafone gerir ekki athugasemdir við 1. gr.
2. Vodafone gerir ekki athugasemdir við þá fyrirætlun að innleiða með 2. gr. frumvarpsins ákvæði 17. gr. alþjónustutillskipunar ESB nr. 2002/21/EB enda er tilskipunin hluti af EES samningnum og ákvæði hennar því skuldbindandi fyrir íslenska ríkið. Þar sem verið er að lögfesta heimild fyrir Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) til að leggja smásöluvæðing á fyrirtæki sem útnefnd hafa verið með umtalsverðan markaðsstyrk telur Vodafone hins vegar nauðsynlegt að orðalag ákvæðisins sé skýrara varðandi í hvaða tilvikum geti reynt á þessa heimild. Hafa verður í huga í þessu sambandi að um er að ræða víðtæka heimild til handa opinberri stofnun til að hlutast um rekstur markaðsaðila og verður því að gera þá kröfu að um skýra lagaheimild sé að ræða. Ekki er til að mynda ljóst hvort heimildin eigi eingöngu við í kjölfar greiningar á smásöluörkuðum, þar sem Póst og fjarskiptastofnun hefur komist að þeirri niðurstöðu að virkri samkeppni sé ekki til að dreifa, eða hvort einnig megi beita þessari heimild þegar stofnunin telur álagðar heildsöluvæðing ekki hafa skilað viðunandi árangri. Ef ætlunin er að lögfesta heimild til að beita smásöluvæðingum á heildsöluverkaði þyrfti jafnframt að kveða með skýrari hætti á um að slíkar væðing yrðu eingöngu lagðar á fyrirtæki í kjölfar nýrrar markaðsgreiningar og að höfðu lögbundnu samráði við markaðsaðila og Eftirlitsstofnun EFTA. Betri skýringar í greinargerð með frumvarpinu gætu bætt úr þessum vanköntum að verulegu leyti enda þar um mikilvægt lögskýringargagn að ræða.
3. Með 3. gr. er lagt til að núgildandi ákvæði í 35. gr. fjarskiptalaga þar sem kveðið er á um almenna skyldu farsímafyrirtækja til að veita öðrum farsímafyrirtækjum aðgang að farsímanetum sínum verði fellt niður. Vodafone styður þá tillögu og

Vodafone

Skútuvogi 2, 104 Reykjavík
Sími 5 999 000, fax 5 999 001
Þjónustuver sími 1414
www.vodafone.is

tekur undir þann rökstuðning sem fram kemur í frumvarpinu. Fjarskiptalögin hafa að geyma heimild í 28. gr. til að leggja skyldur um að veita aðgang fyrir innanlandsreiki á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk. Það er því engin nauðsyn á að hafa núgildandi ákvæði í 35. gr auk þess sem áhöld eru um hvort ákvæðið brjóti í bága við fjarskiptaregluverk EES samningsins.


Í 3. gr. er lagt til að í stað núgildandi ákvæðis í 35. gr. komi ákvæði um heild- og smásöluverð fyrir reikisímtöl í farsímanetum innan EES-svæðisins. Að mati Vodafone felur 3. gr. frumvarpsins ekki í sér rétta innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins (EB) nr. 717/2007 frá 27. júní 2007, um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins og um breytingar á tilskipun 2002/21/EB (hér eftir nefnd reikireglugerð). Samkvæmt 7. gr. EES samningsins skal innleiða reglugerðir sem teknar hafa verið upp í EES samninginn eins og þær eru og ekkert val er um form og aðferð við framkvæmdina eins og á við þegar tilskipanir eiga í hlut. Vodafone telur því að réttast væri að innleiða umrædda reglugerð með tilvísun enda er það einnig í þágu gagnsæis að neytendur átti sig á því að um innleiðingu á umræddri reglugerð sé að ræða. Til samanburðar má nefna að í Noregi hefur umrædd reglugerð verið innleidd með þeim hætti að norsku fjarskiptalögin veita ráðherra heimild til að setja reglur um alþjólegt reiki í reglugerð þ.m.t. ákvæði um hámarksverð.¹ Orðalag ákvæðis 3. gr. er ennfremur ógagnsætt. Ekki er vísað til þess að ákvæðið eigi við um reikiþjónustu erlendis. Þannig má skilja ákvæðið sem svo að með því sé ráðherra veitt heimild til þess að ákveða hámarksverð fyrir reikisímtöl innanlands sem brýtur í bága við ákvæði fjarskiptalaganna um hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar við álagningu kvaða í kjölfar markaðsgreiningar. Þá má allt eins skilja ákvæðið sem svo að ráðherra geti kveðið á um annað verð en það sem gildi skv. gjaldskrá þeirri er reglugerð nr. 717/2007 kveður á um. Vodafone telur að hagsmunum neytenda sé mun betur borgið ef gætt er að gagnsæi að því er uppruna regluverksins varðar. Þannig geta íslenskir neytendur fylgst með breytingum á reikiverði og skilmálum þess á Evrópska Efnahagssvæðinu og gengið úr skugga um að þeir njóti sömu kjara hjá íslenskum fyrirtækjum.

Vodafone telur og rétt að vekja athygli á því að íslenskum fjarskiptafyrirtækjum er nokkur vandi á höndum í ljósi þess að ekki var krafist sérstakrar aðlögunar fyrir Ísland við upptöku reikireglugerðar í EES-samninginn að því er varðar viðmiðunargengi sem er fastbundið í reglugerðinni. Vegna óstöðuleika íslensku krónunnar gagnvart evru er ljóst að umrætt viðmiðunargengi tryggir ekki að fjarskiptafyrirtæki sem bjóða upp á alþjóðlegt reiki geti rekið þessa þjónustu með ásættanlegri framlegð. Vodafone telur því heppilegast að tryggt verði að íslensk fjarskiptafyrirtæki geti birt verð skv. Evrópugjaldskrá í evrum eins Vodafone hefur kosið að gera.

Verði íslenskum fjarskiptafyrirtækjum gert skylt að myntbreyta smásöluverðskráanna og miða við gengi evrunnar 30. júní 2007 skapast sú hætta að

¹ Sjá lov om elektronisk kommunikasjon (ekomloven) nr. 7/2003, gr. 4-14: Myndigheten kan gi forskrifter om international gjesting i mobilnett, herunder pålegge tilbyder prisforpliktelse.

við gengislækkun verði framlegð af reikisímtölum lítil sem engin. Eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan hefur gengið á evrunni gagnvart íslensku krónunni hækkað um 25 kr. frá því 30. júlí sl. og sveiflunar verið gífurlegar.



Ekki er hægt að segja til um hvernig gengið muni þróast en ljóst er að ekki er hægt að krefjast þess að fjarskiptafyrirtækin taki á sig þennan gengismun. Fram til 1. apríl sl. nutu viðskiptavinir Vodafone fasts gengis þegar þeir borguðu fyrir reikisímtöl en félagið þurfti hins vegar að greiða sínum heildsölum á því gengi sem var á hverjum tíma. Tekjur af gestareiki, þ.e. erlendum notendum sem reika í farsímaneti Vodafone, eru miklu minni en kostnaður vegna notkunar viðskiptavina Vodafone erlendis og því er ágóði af hærri gengi takmarkaður miðað við kostnaðinn. Í ljósi þessa ákvað Vodafone því að birta smásöluverðskrá sína í evrum í samræmi við það verð sem kveðið er á um reikireglugerðinni frá og með 1. apríl nk. og reikna notkun viðskiptavina sinna í reiki á því gengi sem er í gildi þegar notkun á sér stað. Að mati Vodafone þá samræmist þetta þeim skyldum sem kveðið er á um í reikireglugerðinni og tryggir að hægt sé að bjóða upp á reikiþjónustu með ásættanlegri framlegð. Eins og Vodafone hefur kynnt þá er sú breyting að birta reikiverð í evrum varanleg og því mun kostnaður viðskiptavina vegna símtala erlendis lækka þegar krónan styrkist á ný.

4. Vodafone gerir athugasemdir við 4. gr. Að mati félagsins er þessi grein mjög óljós. Fjarskiptafyrirtæki birta nú þegar á heimasíðum sínum verðskrár þar sem fram kemur hvað mínútuverðið er þegar hringt er í önnur fjarskiptanet. Ef með ákvæðinu er ætlað að leggja skyldu á félögin um að vera með verðsamanburð og fylgjast stöðugt með verðum annarra fjarskiptafyrirtækja er slíkt fráleitt og fordæmalaust. Vodafone bendir á í því sambandi að fjarskiptafélög eru skyldug til að tilkynna PFS fyrirfram allar breytingar á verðskrár sbr. 4. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga. Á PFS hvílir sú skylda að gefa út upplýsingar um samanburð á verði þjónustu í þágu notenda sbr. d. lið 2. mgr. 5. gr. laga nr. 69/2003 og stofnunin sinnir þeirri skyldu með því að birta slíkan samanburð á vefsíðu sinni. Í

ljósi þess verður ekki séð að nauðsynlegt sé að fjarskiptafyrirtækin séu einnig að birta slíkan samanburð. Það er engan veginn hægt að átta sig á hvert inntak skyldunnar samkvæmt ákvæðinu eigi að vera og með hvaða hætti fjarskiptafyrirtækin eigi að uppfylla framangreinda upplýsingaskyldu. Með hliðsjón af framangreindu leggur Vodafone til að 4. gr. verði felld niður.

5. Vodafone gerir ekki athugasemdir við 5. – 11. gr.

Frumvarp til breytinga á lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun

1. Vodafone gerir ekki athugasemdir við 1. gr.
2. Varðandi 2. gr. þá gerir Vodafone ekki athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til á skipan úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála eða heimild til þess að skjóta úrskurðum Póst- og fjarskiptastofnunar beint til dómstóla. Vodafone gerir hins vegar alvarlegar athugasemdir við ákvæðið um gjald vegna málskots enda verður ekki séð að nein fordæmi séu fyrir slíkri gjalddöku innan stjórnáslunnar. Fjarskiptafyrirtækin greiða nú þegar til verulega fjármuni vegna rekstur eftirlitsaðila á sviði fjarskipta. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 69/2003 greiða fjarskiptafyrirtæki PFS árlega rekstrargjald sem nemur 0,30% af bókfærðri veltu þeirra. Að auki greiða fjarskiptafyrirtæki árlegt gjald fyrir númeraúthlutun og tíðninotkun skv. 14. gr. og 14. gr. a. laga nr. 69/2003 og fyrir skráningu, leyfi o.fl. skv. gjaldskrá PFS nr. 1115/2006. Þá leggja fjarskiptafyrirtæki einnig til verulega fjármuni til þess að standa straum að alþjónustukvðum og í því sambandi má benda á að jöfnunarsjóður hefur staðið straum að rekstri neyðarsímsvörunar hjá Neyðarlínunni. Að mati Vodafone hafa engin fullnægjandi rök verið færð fyrir þessari gjalddöku vegna málskots og verður ekki séð af hverju rekstur og málskot til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála ætti t.d. að vera frábrugðin rekstri og málskoti til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Vodafone dregur í efa að úrskurðir áfrýjunarnefndar samkeppnismála séu færri eða mun einfaldari en úrskurðir úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Því verður ekki séð hvað réttlætir gjalddöku vegna málskots til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála meðan málskot til áfrýjunarnefndar samkeppnismála ber ekkert gjald, sérstaklega í ljósi þess að fjarskiptafyrirtæki greiða nú þegar verulega fjármuni til rekstur eftirlits með fjarskiptum.
3. Að lokum telur Vodafone rétt að ítreka mikilvægi þess að ráðherra nýti þá reglugerðarheimild sem frumvarpið felur í sér hið fyrsta verði frumvarpið að lögum enda telur fyrirtækið löngu tímabært að settar verði skýrari reglur um starfshætti úrskurðarnefndar og málsmeðferð.

Virðingarfyllst,

Jóhanna H. Halldórsdóttir

f.h. Og fjarskipta ehf.
Jóhanna Helga Halldórsdóttir, hdl.